

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það er talið nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna eða annarra ríkra ástæðna. Engin breyting á skipulagsskrá fær þó gildi nema til komi samþykki allra stjórnarmanna í heilbrigðis- og öldrunarráði Austur-Skaftafellssýslu.

11. gr.

Ef sjóðurinn verður lagður niður þá skulu eignir sjóðsins renna til sýslunefndar Austur-Skaftafellssýslu sem skal ráðstafa þeim í þágu aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 3. janúar 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um frestun á niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi, og að nafni Háþéjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli verði breytt í Þykkvabéjarsókn.

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku breytinga samkvæmt 1. gr. laganna sem hér segir:

Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr.:

Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 31. desember 1997.

Þá tilkynnist að kirkjumálaráðherra hefur fallist á ósk sóknarnefndar Háþéjarsóknar í Kirkjuhvolsprestakalli, sem hlotið hefur samþykkt aðalsafnaðarfundar og sóknarprests, að nafni sóknarinnar verði breytt í Þykkvabéjarsókn.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 6. janúar 1997.

Þorsteinn Pálsson.

Hjalti Zóphóniásson.